Endurnotkun á textíl

Tilraunaverkefni unnið í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðhöfuðborgarsvæðinu (SSH) 2024-2025

2025

Freyr Eyjólfsson

Inngangur

Textílúrgangur – Stór áskorun í úrgangsmálum

Textíll er einn stærsti og viðamesti flokkurinn í heimilisúrgangi og mikilvægt að finna nýjar leiðir til að auka endurnýtingu og endurvinnslu hans. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið veitti fé til sóknaráætlunarverkefnis sem hefði tengsl við hringrásarhagkerfið og loftslagsmál á höfuðborgarsvæðinu. Á grundvelli þess gerðu SSH og SORPA með sér samning um sérstakt tilraunaverkefni um endurnotkun á textíl. Samningurinn var undirritaður 30. ágúst 2024. Um var að ræða tólf mánaða tilraunaverkefni með þau markmið að leita fjölbreyttra leiða til að draga úr förgun textíls, flutningi hans úr landi og sýna fram á að textílúrgangur getur verið verðmætur efniviður og auðlind.

SORPA tók við fatasöfnun af Rauða krossinum árið 2024, eftir að sveitarfélögum varð skylt að taka við textílúrgangi. Kostnaðurinn við flokkun og endurvinnslu er mikill og hleypur nú á hundruðum milljóna á ári og fer hækkandi. Magn textílúrgangs hefur aukist gríðarlega undanfarin ár, en á sama tíma hafa gæðin og möguleikar til endurnýtingar minnkað. Framleiðsla á fötum hefur nær tvöfaldast frá aldamótum og dregið hefur gríðarlega úr notkun hverrar flíkur. Hérlendis er áætlað að hver einstaklingur losi sig við 15-23 kíló af textíl á ári hverju, en gögn um textílúragang hafa þó ekki verið nógu skýr í gegnum tíðina. Þó er vel mögulegt er að safna þeim textíl sem þykir nothæfur til endurnotkunar og finna honum farveg hérlendis, eins og þetta tilraunverkefni hefur sýnt.



Sjö tonn á dag. SORPA tekur nú við öllum textílúrgangi á höfuðborgarsvæðinu. Söfnun fer fram á 90 grenndarstöðvum sem staðsettar eru um allt höfuðborgarsvæðið. Hér er ný textílmóttaka í Gufunesi þar sem textíllinn er flokkaður í það sem fer í endurnotkun innanlands og í endurnýtingu og endurvinnslu erlendis.

Bakgrunnur og tilgangur: Hringrásarhagkerfi og auknar skyldur

Í upphafi árs 2023 tóku gildi lög nr. 203/2021 sem breyttu lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald; oft nefnd: lög um hringrásarhagkerfi. Nýju lögin skilgreina textíl sem heimilisúrgang og leggja auknar skyldur og ábyrgð á sveitarfélögin vegna söfnunar og meðhöndlunar hans. Sveitarfélögum er heimilt að uppfylla skyldu til sérstakrar söfnunar á gleri, málmum og textíl með söfnun í grenndargáma eins og SORPA gerir nú, en um 90 grenndargámar eru starfræktir um allt höfuðborgarsvæðið.

Þessar lagabreytingar hafa kallað á umfangsmiklar aðgerðir hjá öllum sveitarfélögum landsins. Mörg sveitarfélög eru í vanda og óvissu með textíl, það er söfnun hans og meðhöndlun, því gerðar eru mun ríkari kröfur um söfnun og meðhöndlun textíls en áður hefur tíðkast. Auk þess eru vaxandi og almennar kröfur um markvissa endurnotkun, endurvinnslu og ábyrga afsetningu úrgangs.

Þessar lagabreytingar og áskoranir leiddu af sér að SORPA og SSH undirrituðu samstarfssamning til að greina og meta umfang textílúrgangs á höfuðborgarsvæðinu og reyna að auka almenna endurnotkun með vitundarvakningu.

Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri SORPU, undirrita samning um tilraunaverkefni um endurnotkun á textíl. Í tilefni þess efndu SSH og SORPA til ráðstefnu um textíl í Góða hirðinum í september 2024 í samstarfi við umhverfis-, orku- og loftlagsmálaráðuneytið.

Megintilgangur verkefnisins var að reyna auka endurnotkun með því koma upp litlum fataflokkunarlager í húsnæði Góða hirðisins og SORPU við Köllunarklettsveg 1 í Reykjavík sem væri aðgengilegur fyrir Rauða

krossinn, fatahönnuði, Listaháskóla Íslands og fleiri sem vinna með endurnýtingu á textíls. Með því að koma upp markvissri fataflokkun væri hægt að:

- Vinna greiningu á magni textílúrgangs og flæði hans.
- Finna nýja og ábyrga farvegi fyrir textíl.
- Auka endurnotkun og endurvinnslu innanlands.
- Uppfylla lagaskyldu um söfnun textíls.

Fataflokkunarlager í Góða hirðinum sem Elvira Kleist hefur yfirumsjón með, en hún hefur áralanga reynslu að baki með fatamarkaði og endurnot á fötum. Þetta er um 60 m² rými, hingað best flokkaður, endurnothæfur textíll frá móttökustöð í Gufunesi. Hann er flokkaður enn frekar og gerður aðgengilegur fyrir fatahönnuði, skóla og fleiri en annað fer í sölu í Góða hirðinum.

Sorpa tekur við um 3.000 tonnum af textíl á ári

Verkefnislýsing og framkvæmd: Árangur á 12 mánuðum

Verkefnið hófst sumarið 2024. Fyrst var settur upp 60 m² forflokkunarlager í húsnæði Góða hirðisins og starfsmaður ráðinn í fullt starf til að sjá um flokkun. Þar var tekið við fötum sem bárust í fatagám Góða hirðisins á endurvinnslustöðvum SORPU. Þá var hafist handa við að forflokka textíl sem kom inn á móttökustöðvar SORPU og opnuð sérstök textíl- og fataflokkun í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi í janúar 2025. Sorpa tekur nú við tvö til þrjú þúsund tonnum af hvers kyns textíl á ári. Kostnaður vegna þessa, móttaka, flokkun og útflutningur er um 300 milljónir á ári fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Textíll til SORPU	Magn í kg.	Magn í kg. sent í GH	Sala í kr. í GH
Nóvember	12,620	EVST gámar	1,389,773
Desember	84,960	EVST gámar	1,223,826
Janúar	169,110	EVST gámar	1,889,588
Febrúar	165,610	2,225	1,757,501
Mars	213,240	2,143	2,331,037
Apríl	183,200	2,605	1,869,085
Maí	199,240	2,880	3,485,234
Júní	197,540	2,880	3,863,251
Júlí	238,530	2,880	3,200,843

Hér eru tölur yfir það magn af textíl sem barst SORPU frá nóvember 2024 til júlí 2025. Það sem er síðan sent í forflokkunarlager Góða hirðisins er sá textíll sem fer í endurnotkun innanlands. Það magn jókst meðan á tilraunaverkefninu stóð. Þá varð umtalsverð aukning á sölu á textíl á tímbilinu. ATH: Í hverjum EVST gám er 3650 kg af textíl.

Samstarf

Verkefnið hefur þegar borið árangur, meðal annars með því að byggja upp öflugt samstarf við mennta-, lista- og menningarstofnanir.

- **Listaháskóli Íslands:** Nemendur á fatahönnunar- og leiklistarbrautum koma reglulega og fá efni til listsköpunar og hönnunar.
- **Háskólinn í Reykjavík:** Nemendur fengu fatnað fyrir sjálfbærnidaginn í mars 2025.
- **Fjölbrautaskólinn í Ármúla:** Textíll var afhentur til að setja upp **„fríbúð“** í umhverfisátaki skólans.
- **Fatahönnuðir og sprotafyrirtæki:** Textílbarinn, Flöff og Kliður hafa fengið textíl til að vinna með í áhugaverð verkefni, svo sem að framleiða hljóðeinangrunarplötur.



Aukin endurnot endurspeglast í aukinni sölu í Góða hirðinum. Á sérstökum fatamarkaði Góða hirðisins í ágúst 2025 seldust um 3870 kg af notuðum textíl. Í ágúst 2025 seldi Góða hirðirinn 91% meira magn af textíl en í ágúst 2024. Sala á fötum, skóm og aukahlutum eykst en lín helst nokkuð í stað.

Hönnunarpeysa eftir Ýr Jóhannsdóttur – endurunnin úr gömlum textíl. Ýr hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir prjónahönnun sína um heim allan. Ýrúrarí ásamt stúdíó Fléttu hlaut Hönnunarverðlaun Íslands árið 2023 fyrir verkefnið Pítsustund. Hún hélt sýningu í Góða hirðinum haustið 2024.

Kynning og fræðsla

Verkefninu var ýtt úr vör með málþinginu: Hvað eigum við að gera við allan þennan textíl í september 2024 og hefur einnig verið kynnt á málþingum, t.d. á málþinginu **„Tíska og umhverfi“** í Norræna húsinu. Einnig hefur það fengið umfjöllun í fjölmiðlum, s.s. í útvarpsþættinum **Samfélag í nærmynd á Rás 1**. Reglulega koma gestir í heimsókn frá skólum, félögum og fyrirtækjum þar sem þetta verkefni er kynnt sérstaklega. Relgulega hafa verið haldnir sérstakir fatamarkaðir og sýningar í Góða hirðinum sem vakið hafa athygli. Þar hafa einnig verið haldnir viðburðir eins og viðgerðakaffi þar sem fólki er leiðbeint og kennt að laga flíkur og sauma eitthvað nýtt úr gömlu.

Fulltrúar SSH, SORPU og umhverfis- loftlags og orkumálaráðuneytisins að skoða aðstöðuna hjá SORPU í Gufunesi. Frá vinstri: Hildigunnur Hafsteinsdóttir frá SSH, Karen Hulda Kristjánsdóttir frá SORPU, Elín Björk Jónasdóttir og Kjartan Ingvarsson frá umhverfis, loftlags- og orkumálaráðuneytinu.

Áskoranir og tækifæri: Framtíðarsýn

Þótt verkefnið hafi gengið vel, komu upp áskoranir sem þarf að vinna með í framtíðinni:

- **Mikil handavinna:** Flokkun textíls krefst mikillar handvinnu og er kostnaðarsöm. Tæknivæðing og meira pláss myndi auka skilvirkni.
- **Markaður:** Endurvinnslumarkaðurinn fyrir skemmdan textíl er erfiður og mikið magn af **„fast fashion“**efni hefur engan endurvinnslufarveg.
- **Flæði:** Takmarkanir á plássi hafa áhrif á það magn sem hægt er að taka við hverju sinni. Magn virðist vera aukast ár frá ári.
- **Kostnaður:** Kostnaður við þennan úrgang er mikill og fer hækkandi. Aðkallandi að koma á úrvinnslugjaldi og framleiðendaábyrgð á textíl.
- **Verra efni:** Gæðin fara minnkandi – það hlutfall sem hægt er að endurnota fer minnkandi. Hraðtískan hefur leitt af sér verra efni í fötum og textíl, sem jafnvel geta innihaldið eiturefni.

Á þessari mynd sést það magn af fatnaði sem kemur til SORPU á tveimur dögum. Þar vinna níu starfsmenn SORPU við að flokka allan þann textíl sem kemur frá 90 grenndarstöðvum; nothæfur textílll er flokkaður frá sem síðan hægt að koma í endurnot innanlands.

Niðurstöður og tillögur

Meginniðurstaðan er að meirihluti þess textíl sem safnast er ekki hæfur til endursölu. Þannig var það líka þegar Rauði krossinn stóð fyrir fatasöfnun. Um 95% af öllum textíl fer úr landi í endurvinnslu eða annars konar orkuendurnýtingu. Verkefnið hefur engu að síður sýnt að það eru mikil tækifæri til að auka innlenda endurnotkun á textíl, og mikil eftirspurn er hjá hönnuðum, nemendum og sprotafyrirtækjum. Á fundum með Klæðskera og kjólameistarfélaginu, LHÍ og fatahönnuðum kom margvegis fram að auka þyrfti framboð á góðum textíl sem hægt væri að endurnota og endurframleiða. Hægt væri að auka viðgerðir og viðhaldþjónustu, fatahönnun og framleiðslu á endurnotuðum textíl, minnka sóun og úrgang með ýmsum aðgerðum og vitundarvakningu. Fýsilegt væri að auka alla hagkvæmni og endurnot með sérstakri söfnun á nothæfum textíl með sérmerktum gámum, á endurvinnslustöðvum SORPU.

Það eru tækifæri hér að breyta málaflokki sem ber eingöngu kostnað núna yfir í að hann standi alla vega á sléttu og gæti með tímanum borið hagnað. Hér eru tækifæri til að byggja upp markað með hráefni til endurnýtingar og endurvinnslu, það er mikill áhugi fyrir því að nota þetta hráefni enn frekar. En brýnt er að flokka textíl því ekki er eftirspurn óflokkuðum textíl og efni. Það verður því að flokka vel og vandlega til að koma því aftur í umferð í hverslags endurframleiðslu, sköpun eða viðskiptatækifæri. Það eru því stór tækifæri hér að auka þjóðhagslega sjálfbærni þegar kemur að textíl.

Því er lagt til að:

- Skoðað verði að setja á **úrvinnslugjald á textíl.**
- Fella niður **virðisaukaskatt** á viðgerðum og viðhaldi á textíl til að auka endurnýtingu.
- Leitað verði leiða til að **auka tæknivæðingu** til að gera vinnsluna hagkvæmari.
- **Auka almenningsvitund** um textíl og áhrif hans.
- **Safnað verði sérstaklega nothæfum textíl** í sérmerktum gámum á endurvinnslustöðvum SORPU.

„Það þarf að kaupa minna. Það er viðskiptavinurinn sem er sofandi risinn og breytingaraflið. Á sama tíma þurfum við öll að eiga föt. Fatnaður er nauðsyn og tjáningarmáti, og hefur alltaf verið. En við þurfum ekki að eiga svona mikið af öllu“

Bára Hólmgeirsdóttir, fatahönnuður og eigandi Aftur.

Takk fyrir að flokka
þennan pappír!